



Sveitarstjórnarfundur 7-2023
Skagabúð 9.nóvember 2023 kl 13:00

Mættir voru: Erla Jónsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson, Vignir Sveinsson og Bjarney Jónsdóttir.

Erla setti fundinn og stjórnaði honum og Bjarney ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun -Fyrri umræða

Fjárhagsáætlun rædd, útsvarsprósenta verði 14,74 % Fasteignagjöld A og C gjald verði 0,5% og B gjald verði 1,32%. Áætluninni vísað áfram til seinni umræðu.

2. Úrgangsmál

Miklar umræður voru um mismunandi kosti í úrgangsmálum á íbúafundi þann 2 nóvember. Almennur vilji var að láta sækja sorp áfram heim á bæi. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Umsókn um framkvæmdaleyfi til efnistöku

Sveitarstjórn telur sér ekki fært að gefa leyfi til efnistöku vegna ástands vegar út á Skaga, nema fyrir liggi loforð um uppbyggingu vegar og varanlega klæðningu frá enda slitlags og norður að vegamótum við þá grótnámu sem óskað er eftir að taka úr.

4. Niðurstaða starfshóps um sameiningarvalkost

Samkvæmt niðurstöðu starfshóps ákveður sveitarstjórn að fela oddvita að hefja samtal við Húnabyggð um mögulega sameiningu.

5. Umsókn um skólavist utan lögheimilis

Samþykkt, oddvita falið að ganga frá málinu.

6. Byggingar- og skipulagsfulltrúi Skagabyggðar

Oddvita falið að ganga frá samningi við verktaka

7. Húsnæðisáætlun 2024

Húsnæðisáætlun var borin upp og samþykkt samhljóða

8. Refa- og minkaeyðing

Umsóknir hafa borist frá 2 aðilum varðandi að bera út fyrir vetrarveiði. Samþykkt og oddvita falið að ganga frá samningum við veiðimenn.

9. Bréf

a) Elín S Sigurðardóttir - skipun í stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins

Helga Ingimarsdóttir skipuð í stjórn sameiginlega frá Skagabyggð og Sveitarfélaginu Skagaströnd

b) INR - Reglugerð um íbúakosningar

Lögð fram til kynningar

c) Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Sveitastjórn tekur tillit til fjármálareglna.

d) Umboðsmaður barna - Barnaþing 17. nóvember 2023

Oddviti skipaður tengiliður.



e) INR - Minningardagur um fórnarlömb umferðarslysa 2023

Lagt fram til kynningar

f) Umhverfis- orku og loftlagsráðuneyti - Um innviði fyrir orkuskipti

Lagt fram til kynningar

g) Matvælaráðuneytið - Matvælaþing 2023 15. nóvember 2023

Lagt fram til kynningar

h) INR - Þjónustustefna

Oddvita falið að gera drög að þjónustustefnu

10. Fundargerðir

a) Fundargerðir 933-936. funda Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar

b) Fundargerðir 99. fundar SSNV 3. október

Lögð fram til kynningar

c) Fundargerð Félags- og skólaþjónustu A.Hún 27. sept 2023

Lögð fram til kynningar

d) Fundargerð Norðurár bs 19. september 2023

Lögð fram til kynningar

11. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt, og fundi slitið kl. 16:20

Vignir Sveinsson

Magnús Björnsson

Bjarney R Jónsdóttir

Erla Jónsdóttir

Kristján Steinar Kristjánsson